

Athugun á laxa- og fiskilús 23. júlí '15

Eyðublöð frá Matvælastofnun.

Minnisblað ritar Þórdís Arna Bjarkarsdóttir

Fimmtudaginn 23. júlí var farið í athugun og talningu á laxa- og/ eða fiskilús á fiskum í kvíum Dýrfisks í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Dýrfisks hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi.

Lagt var af stað frá höfninni á Þingeyri kl 8:15 á bátnum Kópanesi ÍS. Skipstjóri var Jói og með í för var Bernharður Guðmundsson starfsmaður Dýrfisks. Starfsmenn Náttúrustofu var Þórdís Arna Bjarkarsdóttir. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar þó svo að kuldi var nokkuð meiri en venjast á í júlí.

Hafist var handa við kvíaþyrpingu út af Gemlufalli en þar eru fjórar kvíar en samkvæmt leiðbeiningum frá Matvælastofnun skal gera athugun á minnsta kosti 10 fiskum í helmingi kvía séu kvíar fleiri en 3 í þyrpingu (Drög Leiðbeiningar um lúsatalningu). Athugaðir voru 10 fiskar úr kví G2, 10 úr G3, 10 úr kví B og 10 úr kví HB3. Háfaðir voru ca helmingur þeirra fiska sem ath átti í hvert skipti og þeir settir í kar með sjó sem hafði verið blandaður með svefnlyfi (Finquel vet.). Þegar fiskarnir sýndu ekki viðbrögð, þegar gripið var um sporðinn, þá var hverjum fyrir sig lyft upp úr vatninu og leitað eftir lús á þeim. Eftir athugun fiska voru þeir settir í annað kar með hreinum sjó þar sem þeir fengu tíma til að vakna vel áður en þeim var skilað aftur út í kví. Niðurstöður athugana má finna í töflu 1 og 2.

Nánast enga marglittu var að sjá í þessari ferð. Við allar kvíar var notað fóður til að lokka fiskana þegar þeir voru háfaðir.

Nú var sjávarhiti ekki fengin frá fóðurbát við kví G2 eins og í síðustu ferð heldur reiknuðu þeir hann einhvernvegin út, er ekki alveg viss hvernig. Komið var í land um hálf 11 leytið.

Eins og sjá má á töflunum hér fyrir neðan fundust engar lýs á fiskunum, hvorki laxalýs né fiskilýs.

Upplýsingar um fjölda fiska, meðalþyngd þeirra og sjávarhita fékkst frá skipstjóranum Jóa.



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Tafla 1. Athugun á lús á fiskum við Gemlufall úr kvíum G2 og G3. Athugaðir voru 10 fiskar í kví G2 og 10 í G3.

Gemlufall											
Kví	G2	Þyngd			1600 g	Kví	G3	Þyngd			700 gr
Sjávarhiti	8,2	Fjöldi í kví			48.998	Sjávarhiti	8,2	Fjöldi í kví			79.900
Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús		
1	0	0	0	0	1	0	0	0	0		
2	0	0	0	0	2	0	0	0	0		
3	0	0	0	0	3	0	0	0	0		
4	0	0	0	0	4	0	0	0	0		
5	0	0	0	0	5	0	0	0	0		
6	0	0	0	0	6	0	0	0	0		
7	0	0	0	0	7	0	0	0	0		
8	0	0	0	0	8	0	0	0	0		
9	0	0	0	0	9	0	0	0	0		
10	0	0	0	0	10	0	0	0	0		
Samtals	0	0	0	0	Samtals	0	0	0	0		

Tafla 2. Athugun á lús á fiskum við Haukadalsbót úr kvíum B og HB3. Athugaðir voru 10 fiskar í kví B en 10 í HB3.

Haukadalsbót											
Kví	B	Þyngd			3000 gr	Kví	HB3	Þyngd			540 gr
Sjávarhiti	8,2	Fjöldi í kví			42.645	Sjávarhiti	8,2	Fjöldi í kví			78.700
Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús		
1	0	0	0	0	1	0	0	0	0		
2	0	0	0	0	2	0	0	0	0		
3	0	0	0	0	3	0	0	0	0		
4	0	0	0	0	4	0	0	0	0		
5	0	0	0	0	5	0	0	0	0		
6	0	0	0	0	6	0	0	0	0		
7	0	0	0	0	7	0	0	0	0		
8	0	0	0	0	8	0	0	0	0		
9	0	0	0	0	9	0	0	0	0		
10	0	0	0	0	10	0	0	0	0		
Samtals	0	0	0	0	Samtals	0	0	0	0		